

249. KIRKJURÁÐSFUNDUR

FÖSTUDAGUR 15. APRÍL 2016 KL 12:00

haldinn í Digraneskirkju

FUNDARGERÐ

1. Fundarsetning og fundargerð síðasta fundar
2. Fjármál
 - a) Kirkjumálasjóður, ársreikningur 2014
 - b) Biskupsstofa, ársreikningur 2014
3. Kirkjuþing
4. Önnur mál

1. FUNDARSETNING OG FUNDARGERÐ SÍÐASTA FUNDAR

Fundurinn hófst í Digraneskirkju kl. 12:00. Mætt voru auk biskups Íslands, Agnesar M. Sigurðardóttur, kirkjuráðsmennirnir séra Elínborg Gísladóttir, séra Gísli Gunnarsson, Stefán Magnússon og Svana Helen Björnsdóttir.

Jafnframt sátu fundinn Ellisif Tinna Víðisdóttir, framkvæmdastjóri kirkjuráðs og Þorvaldur Víðisson, biskupsritari, sem ritaði fundargerð.

Biskup setti fund með bænagjörð.

Fundargerð 248. kirkjuráðsfundar var undirrituð.

2. FJÁRMÁL

a) *Kirkjumálasjóður, ársreikningur 2014.*

Kirkjuráð samþykkti ársreikning kirkjumálasjóðs 2014 og var hann undirritaður.

b) *Þjóðkirkjan 06-701, ársreikningur 2014.*

Ársreikningur þjóðkirkjunnar 2014 lagður fram.

3. KIRKJUÞING

Næsti fundur kirkjuþings 2015 hefst í Digraneskirkju í dag kl. 13. Löggjafarnefnd kirkjuþings hefur óskað eftir því við forsætisnefnd að ný mál verði tekin inn á kirkjuþing með afbrigðum. Eitt af þeim málum eru tillögur að starfsreglum um kirkjuráð. Biskup lagði fram til kynningar athugasemdir við þær tillögur og voru þær ræddar.

4. ÖNNUR MÁL

Ekkert undir þessum lið.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 12:45.

Næsti fundur kirkjuráðs verður á Biskupsstofu þriðjudaginn 10. maí nk. kl. 9:30.

Agnes M. Sigurðardóttir,
biskup Íslands.

Þorvaldur Víðisson,
ritari.

Séra Elínborg Gísladóttir.

Séra Gísli Gunnarsson.

Stefán Magnússon.

Svana Helen Björnsdóttir.